

Rangárþing ytra  
Samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefnd,  
Sigurgeir Guðmundsson  
Laufskálum 2  
850 Hella



Reykjavík, 22. apríl 2013  
Tilvísun: UST20130300087/mik

### **Efni: Framkvæmdir á Pokahrygg innan friðlandsins að Fjallabaki.**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Sigurgeirs Guðmundssonar formanns samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar Rangárþings ytra þann 11. mars 2013 vegna framkvæmda á Pokahrygg innan friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmd: Vegurinn um Pokahrygg sem liggur af Landmannaleið (F-225) að Hrafninnuskeri og Reykjadölum hefur látið á sjá. Úrrennsli hefur herjað verulega á veginn úr vatnsrásum sem renna í leysingum meðfram veginum að vestanverðu. Vegurinn sjálfur hefur verið tiltölulega laus við úrrennsli, en vatnsrásirnar sem falla að veginum að vestanverðu eru langt komnar með að eyðileggja hann.

Ef ekkert verður að gert, má búast við að slyshætta aukist þarna til muna og þróunin gæti klárlega orðið sú að vegurinn græfist í burtu á nokkuð stórum kafla. Ef slík þróun á sér stað má búast við að utanvegaakstur muni aukast meðfram veginum, sem verðu til varanlegs skaða fyrir það fagra umhverfi sem er á þessum slóðum. Þegar ástand vegarins var kannað fyrir einu og hálfu ári síðan var reiknað með að yfirfara þyrfi 150-200 m vegkafla en verstí kaflinn er ca. 40-50 m langur.


Stefnt er að því að styrkja veginn að vestanverðu með sama hætti og gert var þegar Pokahryggur var farin á bifreiðum vegna efnisflutninga. Hugmyndin er sú að handmoka vikri í strigapoka og stafla þeim upp í þau vik eða úrrennisskörð í vegstæðinu sem myndast hafa og almennt að styrkja vesturhlið vegarins þannig vatn nái ekki að mynda þar rof sem leitt geti til frekara úrrennisslis. Eins þarf að reyna að veita þeim vatnsrásum sem eru næst veginum að vestanverðu örliðið vestar en nú er. Efnistaka yrði í samráði við Umhverfisstofnun en hugmyndir eru uppi að vikurinn verði hugsanlega skafinn ofan af yfirborðinu neðan við brekkuna (við eða í vatnsrásunum). Það er efni sem borist hefur niður hliðina með vatnsrásum undanfarin ár. Miðað við ofangreinda verklýsingu er ekki þörf á notkun stórvirkra vinnuvéla við framkvæmdina og rask á umhverfinu í lágmarki.


Gert er ráð fyrir að sjálfbóðaliðahópur Ferðafélags Íslands sjái um framkvæmd verkefnisins. Í þeim hópi er einstaklingur sem tók þátt í upphaflega verkinu og væri því kjörin verkstjóri. Ef leyfi fæst til þess að fara í þessar lagfæringar, þá er það hugmyndin að það ætti að gerast síðsumars á komandi sumri þ.e. eftir að allar leysingar eru afstaðnar. Nánari tímasetning verður fundin í samráði við Ferðafélag Íslands.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdunum með eftirfarandi skilyrðum:

- Efnistaka og vinna við framkvæmdina verður gerð í samráði við starfsmann friðlandsins.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Til kynna skal til Umhverfisstofnunar um frávík á ofangreindri verklýsingu.
- Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmdunum og ber umsækjenda að tilkynna stofnuninni um hvenær framkvæmdir hefjist. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að rukka fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sinni, 10.600 klst. Eftirlitið verður í höndum starfsmanns friðlandsins. Umhverfisstofnun áætlað að um 4-5 tímar fari í eftirlit yfir framkvæmdartímann en setur fyrirvara um tímalengd eftirlits getur breyst eftir að framkvæmdir hefjast.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Þórdís V. Bragadóttir  
Sérfræðingur